



SÖNGHÁTÍÐ Í
HAFNARBORG

13. - 28.6. 2026



10 ÁRA
SÖNGAFMÆLI
SÖNGHÁTÍÐAR Í
HAFNARBORG

Kæru gestir.

Verið hjartanlega velkomin á Sönghátíð í Hafnarborg.

Ótrúlegt en satt, við fögnum nú tíu ára afmæli hátíðarinnar! Við þökkum ykkur, áhorfendur góðir, fyrir að taka þátt í þessu ævintýri með okkur. Við þökkum líka öllum þeim sem hafa sótt hátíðina frá byrjun, listamönnum sem hafa komið fram, starfsfólki Hafnarborgar, styrktaraðilum, Árna Möller, Signýju Pálsdóttur og öllum þeim sem á einn eða annan hátt hafa lagt sitt af mörkum til að láta þessa hátíð verða að veruleika.

Árið 2017 bárum við þá hugmynd upp við þáverandi forstöðumann Hafnarborgar, Ágústu Kristófersdóttur, að koma á fót sumartónlistarhátíð í Hafnarborg. Hún tók strax vel í hugmyndina og sagði að hún væri beggja hagar. Það hefur aldeilis sýnt sig í frábæru samstarfi Hafnarborgar og Sönghátíðar í gegnum tíðina, bæði undir stjórn Ágústu og svo Aldísar Arnardóttur sem hefur stutt hátíðina frá því hún tók við sem forstöðumaður Hafnarborgar.

Sönghátíð í Hafnarborg býður upp á átta opinbera tónleika í aðalsal Hafnarborgar með vönduðum tónlistarmönnum af ólíkum kynslóðum. Ljóðasöngur, óperutónlist og samsöngur eru í hávegum höfð.

Á hátíðinni gefst einstakt tækifæri til að sjá framúrskarandi söngvara í návígi, þar á meðal Metropolitan hetjutenórinn Stuart Skelton með Liam Kaplan við slaghörpuna og sópranstjórnum Sally Matthews ásamt meðleikaranum fræga Simon Lepper. Yngri kynslóðin lætur skýrt í sér í heyra í flutningi Gjallanda á óperunni Suor Angelica eftir Puccini. Hin vinsæli raddkvartett Olga Vocal Ensemble flytur lög af nýjustu plötunni sinni, Fragments. Á master class tónleikum flytja söngvarar, söngnemendur og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari uppskeru fjögurra daga námskeiðs sem einn af reynslumestu óperusöngvurum Íslands, Kristinn Sigmundsson, kennir á. Einnig er boðið upp á fjölskyldutónleika þar sem Solveig Óskarsdóttir og Sævar Helgi Jóhannsson flytja skemmtilega dagskrá með aðstoð barna úr vikulangri skapandi tónlistarsmiðju hátíðarinnar, en Sævar hlaut nýverið Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir plötu ársins.

Ljóðasöngur með strengjakvintett, píanói og gítar blómstrar á tónleikum Hinn eilífi söngur, þar sem söngkonurnar Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Halldóra Ósk Helgadóttir syngja. Halldóra Ósk kemur fram sem handhafi verðlaunanna Rödd ársins í söngkeppninni Vox Domini sem Félag íslenskra söngkennara stendur fyrir. Óperusöngvararnir Harpa Ósk Björnsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Elmar Gilbertsson, Andri Björn Róbertsson og píanóleikarinn Matthildur Anna Gísladóttir flytja ariur og samsöngsatriði úr ástsælum óperum á hinu vinsæla árlega Óperugala.

Sönghátíð í Hafnarborg hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Tónlistarhátíð ársins 2020. Auk tónleika býður hún upp á master class námskeið fyrir söngnemendur og söngvara, skapandi tónlistar- og myndlistarnámskeið fyrir 6-12 ára, tónlistarsmiðju fyrir 3-5 ára með foreldrum og krílasöng fyrir 6-18 mánaða með foreldrum.

Markmið hátíðarinnar er að koma list raddarinnar á framfæri með tónleikum og námskeiðum. Jafnframt er horft til framtíðar með því að birta á YouTube síðu hátíðarinnar viðtöl við söngvara og valdar myndbandsupptökur af tónleikum.

Sönghátíð í Hafnarborg er sjálfstæð hátíð, sem haldin er í gjöfulu samstarfi við Hafnarborg. Tónlistarsjóður, Hafnarfjörður, Spænska sendiráðið, AECID, Félag íslenskra hljómlistarmanna og Barnamenningarsjóður Íslands styrkja hátíðina. Við þökkum þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Góða skemmtun!

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Francisco Javier Jáuregui
stofnendur og stjórnendur Sönghátíðar í Hafnarborg

Kæru Sönghátíðargestir, hjartanlega velkomin í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

Sönghátíð í Hafnarborg er nú óðum að slíta barnsskónum og fagnar tíunda starfsári sínu í ár. Í Hafnarborg hefur frá upphafi verið lögð rík áhersla á fjölbreytta menningardagskrá samhliða myndlistarsýningum safnsins og þar skipar tónlistin veigamikil hlutverk. Það var mikill fengur fyrir starfseminu í Hafnarborg þegar þáverandi forstöðumaður, Ágústa Kristófersdóttir, tók hugmynd þeirra Guðrúnar Jóhannu Ólafsdóttur og Franciscos Javiers Jáureguis, listrænna stjórnenda og stofnenda hátíðarinnar, opnum örmum og ýttu þau verkefninu saman úr vör. Í ár hafa þau svo sett saman einstaklega metnaðarfulla dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Sýningin *Stór heimur*, á verkum Helga Þorgils Friðjónssonar, stendur nú uppi í aðalsal Hafnarborgar og myndar heildarumgjörð sem vonandi eykur á ánægju og upplifun tónleikagesta. Verk Helga Þorgils hafa frá upphafi vakið athygli fyrir nýstárlegan og persónulegan frásagnarmáta. Í verkum hans mætast draumkenndur veruleiki og íhugun um tilveru mannsins og samband hans við náttúruna, þar sem maður og náttúra birtast sem órjúfanleg heild. Þá mynda fegurðin og ólíkar birtingamyndir hennar ákveðin grunn í verkunum og skapa rými þar sem jafnvægi og kyrrð ræður ríkjum.

Í ritinu *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* fjallar þýska skáldið og heimspekingurinn Friedrich Schiller (1759-1805) um tengsl fegurðar og listar. Hann lagði mikla áherslu á fegurðina sjálfa ásamt mikilvægi leikgleði og ímyndunarafis í listsköpun. Í verkum Helga Þorgils birtist okkur leit að fegurð þar sem ímyndunaraflið og leikgleði fá að njóta sín og kalla fram fagurfræðilega upplifun áhorfandans. Schiller taldi mikilvægt að listin nyti frelsis og að fegurðin væri grundvöllur mannlegs frelsis. Þannig gæti fagurfræðileg nálgun á viðfangsefni samtímans stuðlað að þroska einstaklingsins, þar sem hann gæti notið sín frjáls og óháður í því sem hann kallaði „fagurfræðilegt ástand“. Á Sönghátíð í Hafnarborg gefst gestum kærkomið tækifæri til að njóta listarinnar og fegurðarinnar í augnablikinu.

Kæru gestir, ég vona að þið njótið vel og að lokum þakka ég Guðrúnu Jóhannu og Javier fyrir gjöfult og gott samstarf síðastliðinn áratug.

Aldís Arnardóttir
forstöðumaður Hafnarborgar

Í KVÖLDROÐA

Sally Matthews sópran, **Simon Lepper** píanóleikari,

Gustav Mahler (1860-1911)

Rückert-Lieder (Friedrich Rückert)

-Ich atmet' einen linden Duft

-Blicke mir nicht in die Lieder!

-Liebst du um Schönheit

-Um Mitternacht

-Ich bin der Welt abhanden gekommen

Samuel Barber (1910-1981)

Knoxville: Summer of 1915 (James Agee)

HLÉ

Richard Strauss (1864-1949)

Vier letzte Lieder

-Frühling (Hermann Hesse)

-September (Hermann Hesse)

-Beim Schlafengehen (Hermann Hesse)

-Im Abendrot (Joseph von Eichendorff)

SUOR ANGELICA

Ópera eftir Giacomo Puccini (1858-1924)
Texti eftir Giovacchino Forzano (1884-1970)

Sviðslistahópurinn Gjallandi Ólína Ákadóttir píanó

HLUTVERKASKIPAN:

Kristrún Guðmundsdóttir - Suor Angelica
Margrét Björk Daðadóttir - La zia principessa
Anna Elísa Axelsdóttir - La badessa
Anne Keil - La suora zelatrice
Steinunn María Þormar - Suor Genovieffa
Bryndís Ásta Magnúsdóttir - Suor Dolcina
Ásta Sigríður Arnardóttir - Una novizia

SÖGUPRÁÐUR:

Í litlu klaustri á Ítalíu búa sjö nunnur. Lífið í klaustrinu gengur sinn vanagang, þar eru nunnur við dagleg störf og helgihald. Skyndilega kemur systir Dolcina hlaupandi og biður systur Angelicu ráða við geitungastungu. Systir Angelica er kunnug um jurtir og lækningamátt þeirra og útbýr smyrsl fyrir sárið. Síðan kemur uppi fótur og fit þegar tvær nunnur koma með varning úr búðarferð. Systurnar eru spenntar og grandskoða fenginn en þá verður ein systirin vör við ríkulegan vagn í heimreiðinni. Abbadísinn sendir systurnar burt og segir að frænka Angelicu, prinsessan, sé komin að vitja hennar.

Prinsessan er komin til að ganga frá erfðamálum. Hún vill að Angelica afsali sér arfi sínum til systur sinnar sem er að fara að gifta sig. Angelica spyr hverjum systirin sé að giftast, þá hreytir prinsessann því út úr sér að hún sé að fara að giftast eina manninum sem gat litið framhjá synd Angelicu. Sjö árum áður hafði systir Angelica eignast son utan hjónabands sem varð til þess að hún var send í klaustur. Sonur hennar var tekinn úr faðmi hennar og hún hefur ekkert frétt síðan. Hún spyr frænku sína um soninn, en prinsessan hefur aðeins slæmar fréttir að færa.

VEGURINN ENDALAUSI - THE UNENDING PATH

Stuart Skelton tenór
Liam Kaplan píanó

Erich Wolfgang Korngold (1897-1957) Unvergänglichkeit, Op. 27

1. Unvergänglichkeit
2. Das eilende Bächlein
3. Das schlafende Kind
4. Stärker als der Tod
5. Unvergänglichkeit

Ralph Vaughan Williams (1872-1958) Songs of Travel

1. The Vagabond
2. Let Beauty Awake
3. The Roadside Fire
4. Youth and Love
5. In Dreams
6. The Infinite Shining Heavens
7. Whither Must I Wander
8. Bright Is the Ring of Words
9. I Have Trod the Upward and the Downward Slope

HLÉ

Gustav Mahler (1860-1911) Lieder eines fahrenden Gesellen

- I. Wenn mein Schatz Hochzeit macht
- II. Ging heut' Morgen über's Feld
- III. Ich hab' ein glühend Messer
- IV. Die zwei blauen Augen von meinem Schatz

Richard Wagner (1813-1883) Allmächt'ger Vater úr óperunni Rienzi

FRAGMENTS

Olga Vocal Ensemble

Jonathan Ploeg, Arjan Lienaerts, Matthew Lawrence Smith,
Philip Barkhudarov og Pétur Oddbergur Heimisson

Lesin ljóð eftir Maureen Ghazal
Ljóðalesari: Ásta Sigríður Arnardóttir

1. hluti

Shalom Aleichem (Friður sé með þér) - Israel Goldfarb
Arkhangelskiy glas (Rödd erkiengilsins) - Ivan Nebesniy
Ikona (Íkoninn, úr Tímalausum söngvum) - Georgy Sviridov; texti: Alexander Blok
Were You There? – Afrískt-amerískt þjóðlag; úts. Hugh S. Robertson
Dulce et decorum est - Arjan Lienaerts; texti: Hóratíus

2. hluti

Plyve kacha po Tisini (Andarungi syndir á Tisza) – Þjóðlag frá Úkraínu
The Lamentations of Jeremiah - Thomas Tallis; Harmljóðin (1, vers 1-2)
Ya Tal'ieen El-Jabal (Upp fjallið) - Þjóðlag frá Palestínu
Dulce et decorum est - Arjan Lienaerts; texti: Hóratíus

3. hluti

Aloha 'Oe (Kveðjusöngur) - Queen „Lydia“ Lili'uokalani; úts. Philip Barkhudarov
Orðin mín - Bragi Valdimar Skúlason; úts. Gunnar Gunnarsson
Blauwe trein (Goluboy Vagon / Bláa lestin) - Vladimir Shainskiy; texti: Eduard Uspenskiy;
hollenskur texti: Koos Meinderts; úts. Thijs Borsten
Dulce et decorum est - Arjan Lienaerts; texti: Hóratíus

4. hluti

Don't Fence Me In - Cole Porter; úts. Arjan Lienaerts
Zing, vecht, huil, bid, lach, werk en bewonder (Þú skalt syngja, berjast, gráta, biðja, hlæja,
vinna og dást að) - Ramses Shaffy; úts. Arjan Lienaerts
It's Oh So Quiet - Hans Lang; text: Bert Reisfeld; arr. Ruben Smits
Dulce et decorum est - Arjan Lienaerts; texti: Hóratíus

5. hluti

Here Comes the Sun - George Harrison, úts. Jon Nicholas
Nature Boy - Eden Ahbez; úts. Arjan Lienaerts

Sjá enskar þýðingar á lögnum á vefsíðunni www.olgavocalensemble.com/fragments

MASTER CLASS TÓNLEIKAR
nemenda Kristins Sigmundssonar

Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari

Á tónleikunum koma fram virkir nemendur á master class námskeiði Kristins á Sönghátíð í Hafnarborg 22. - 25.6.2026

Efnisskrá verður birt samdægurs

FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR

Solveig Óskarsdóttir sópran
Sævar Helgi Jóhannsson píanó

Efnisskráin verður kynnt á tónleikunum

6-12 ára börn af myndlistar- og tónlistarnámskeiði Sönghátíðar í Hafnarborg og Hafnarborgar taka þátt með söng og hljóðfæraleik undir handleiðslu Sævars Helga Jóhannssonar



Barnamenningsjóður
Íslands

Barnamenningsjóður Íslands styrkir fjölskyldutónleika á Sönghátíð í Hafnarborg

NÁMSKEIÐ Á SÖNGHÁTÍÐ Í HAFNARBORG 2026

SÖNGSMIÐJA OG MYNDLISTARNÁMSKEIÐ

22. júní til 26. júní

Fyrir 6-9 og 10-12 ára

Sævar Helgi Jóhannsson (tónlist), Helga Páley Friðbjófsdóttir
og Unnur Mjöll S. Leifsdóttir (myndlist)

MASTER CLASS

22. til 25. júní

Fyrir söngnemendur og söngvara

Kristinn Sigmundsson og Helga Bryndís Magnúsdóttir

TÓNLISTARSMIÐJA

27. júní

Fyrir 3-5 ára með foreldrum

Valgerður Jónsdóttir

KRÍLASÖNGUR

28. júní

Fyrir 6-18 mánaða með foreldrum

Svafa Þórhallsdóttir

Skráning fer fram á www.songhatid.is



Barnamenningsjóður
Íslands

Barnamenningsjóður Íslands styrkir námskeið fyrir börn á Sönghátíð í Hafnarborg

HINN EILÍFI SÖNGUR

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran, **Halldóra Ósk Helgadóttir** sópran,
Póra Kristín Gunnarsdóttir píanó, **Sólveig Steinþórsdóttir** fiðla,
Bjargey Birgisdóttir fiðla, **Fidel Atli Quintero Gasparsson** víóla, **Júlía Mogensen** selló,
Xun Yang kontrabassi, **Francisco Javier Jáuregui** gítar

Francisco Javier Jáuregui (f. 1974)	Goiko mendijan (baskneskt þjóðlag)
Joaquín Rodrigo (1901-1999)	Pastorcito Santo (Lope de Vega)
Johannes Brahms (1833-1897)	Zwei Gesänge, Op. 91 - Gestillte Sehnsucht (Friedrich Rückert) - Geistliches Wiegenlied (Emanuel Geibel, byggt á Lope de Vega)
Richard Strauss (1864-1949)	Mädchenblumen, Op. 22 (Felix Dahn) 1. Kornblumen 2. Mohnblumen 3. Epheu 4. Wasserrose
Ernest Chausson (1855-1899):	Chanson perpétuelle, Op. 37 (Charles Cros)

HLÉ

Niccolò Paganini (1782-1840)	Cantabile fyrir fiðlu og gítar, Op. 17
Xavier Montsalvatge (1912-2002)	Madrigal sobre un tema popular - El cant dels ocells (katalónskt þjóðlag) fyrir rödd, selló og píanó
Pauline Viardot-García (1821-1910) úts. Francisco Javier Jáuregui	Þrjú sönglög - Hai luli! (Xavier de Maistre) - Havanaise/Habanera (Louis Pomey) - Les filles de Cadix (Alfred de Musset)



Spænska sendiráðið á Íslandi og AECID (Agencia Española de Cooperación internacional para el Desarrollo) styrkja þessa tónleika

ÓPERUGALA

Harpa Ósk Björnsdóttir sópran, **Sigríður Ósk Kristjánsdóttir** mezzósópran,
Elmar Gilbertsson tenór, **Andri Björn Róbertsson** bass-barítón
 og **Matthildur Anna Gísladóttir** píanóleikari

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791)	Non più andrai Úr Le nozze di Figaro (Figaro)
	Là ci darem la mano Úr Don Giovanni (Zerlina, Don Giovanni)
Léo Delibes (1836-1891)	Dôme épais le jasmin Úr Lakmé (Lakmé, Mallika)
Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791)	Fígaró á fimm mínútum
Claudio Monteverdi (1567-1643)	Pur ti miro Úr L'incoronazione di Poppea (Poppea, Nero)
Georges Bizet (1838-1875)	Les tringles des sistres tintaient Úr Carmen (Carmen)
	Au fond du temple saint Úr Les pêcheurs de perles (Nadir, Zurga)

HLÉ

Ludwig van Beethoven (1770-1827)	Mir ist so wunderbar Úr Fidelio (Marzelline, Leonore, Jaquino, Rocco)
Gaetano Donizetti (1797-1848)	Una furtiva lagrima Úr L'elisir d'amore (Nemorino)
Giuseppe Verdi (1813-1901)	Caro nome Úr Rigoletto (Gilda)
Georg Friedrich Händel (1685-1759)	Happy We Úr Acis and Galatea (Acis, Galatea)
Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791)	Pa, pa, pa Úr Die Zauberflöte (Papagena, Papageno)
Arthur Sullivan (1842-1900)	Regular Royal Queen Úr The Gondoliers (Giannetta, Tessa, Marco, Giuseppe)

